

Fimmtudaginn 22. október 1998.

Nr. 40/1998.

Þorsteinn Jónsson

(Sigurður G. Guðjónsson hrl.)

gegn

Íslenska ríkinu

(Einar Karl Hallvarðsson hrl.)

og gagnsök

Höfundarréttur. Frávísun máls frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason og Arnljótur Björnsson og Björn P. Guðmundsson, settur hæstaréttardómari.

Aðaláfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 19. janúar 1998. Hann krefst þess aðallega, að gagnáfrýjandi verði dæmdur til að greiða sér skuld, að fjárhæð 5.424.494 krónur, með dráttarvöxtum samkvæmt 9. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 af nánar tilteknum fjárhæðum frá 25. janúar 1993 til greiðsludags. Varakrafa aðaláfrýjanda á hendur gagnáfrýjanda er um greiðslu skaðabóta sömu fjárhæðar og aðalkrafa ásamt dráttarvöxtum eftir 15. gr. vaxtalaga af nánar tilteknum fjárhæðum frá 3. júní 1994. Einnig krefst aðaláfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi áfrýjaði málinu 11. mars 1998 og krefst aðallega sýknu og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefst hann lækkunar á kröfum aðaláfrýjanda og að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti verði látinn falla niður.

I.

Svo sem greinir í héraðsdómi, gerðu aðaláfrýjandi og menntamálaráðuneytið fyrir hönd gagnáfrýjanda 25. janúar 1988 tvo samninga um „rétt til sýninga“ tveggja kvikmynda „í skólum og öðrum fræðslustofnunum í eigin þágu þessara stofnana (non-commercial, institutional rights) á Íslandi“ í fimm ár frá dagsetningu samningsins. Samningana gerði aðaláfrýjandi „fyrir hönd eigenda“ myndanna.

Í stefnu í héraði kvaðst aðaláfrýjandi eiga höfundarrétt að kvik-

myndunum, en í þinghaldi 24. júní 1997 var lýst yfir af hálfu hans, að aðild sóknar megin væri hjá honum, Örnólfi Árnasyni og Þórhalli Sigurðssyni.

Við aðalflutning málsins 7. október 1997 lagði aðaláfrýjandi fram gögn úr uppboðsrétti Reykjavíkur þess efnis, að hann hefði keypt umræddar tvær kvikmyndir á nauðungaruppboði 26. júní 1987 „með öllum þeim réttindum, er tilheyra framleiðanda“. Með vísun til gagna þessara lýsti aðaláfrýjandi yfir, að hann ásamt einkafyrirtæki hans, Kvikmynd, stæði „sóknar megin í málinu, án þess að aðrir eigi þar óskiptan rétt“.

Umsamið endurgjald fyrir sýningarrétt á kvikmyndunum tveimur var alls að fjárhæð 6.000.000 króna fyrir fimm ára samningstímabil. Miðar aðaláfrýjandi dómkröfur sínar vegna notkunar gagnáfrýjanda á myndunum, eftir að samningstímanum lauk 25. janúar 1993, að öllu leyti við þetta endurgjald, en kveður fjárhæðir vera framreiknaðar að teknu tilliti til verðlagsbreytinga. Samningarnir 25. janúar 1988 voru ekki takmarkaðir við greiðslur til framleiðanda. Aðaláfrýjandi krefst hins vegar greiðslna, er svara til heildarendurgjalds þess, sem samið var um, að gagnáfrýjandi innti af hendi til eigenda höfundarréttar að kvikmyndunum.

Eins og málið liggur fyrir, er ekki sýnt, að aðaláfrýjandi eigi annan rétt að kvikmyndunum en rétt framleiðanda. Ekki er leitt í ljós, hvernig höfundarrétti að þeim er að öðru leyti háttað. Aðaláfrýjandi hefur til dæmis ekki gert grein fyrir, hvaða hlut þeir menn, sem hann tilgreindi í þinghaldi 24. júní 1997, að ættu ásamt honum aðild að málinu, kunna að eiga í höfundarréttinum. Samkvæmt þessu er óljóst, hverja hlutdeild aðaláfrýjandi á í heildarhöfundarrétti að myndunum. Þegar þessa er gætt, eru slíkir annmarkar á málatilbúnun aði aðaláfrýjanda, að ekki er unnt að leggja efnisdóm á málið. Verður því að vísa málinu sjálfkrafa frá héraðsdómi.

Í samræmi við þessi úrslit málsins verður aðaláfrýjandi dæmdur til að greiða gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðinn er í einu lagi, eins og í dómsorði segir.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá héraðsdómi.

Aðaláfrýjandi, Þorsteinn Jónsson, greiði gagnáfrýjanda, ís-

lenska ríkinu, samtals 150.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 31. október 1997.

Mál þetta, sem dómtekið var 7. þ. m., er höfðað fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur af Þorsteini Jónssyni, kt. 061246-6069, Mjóuhlíð 6, Reykjavík, persónulega og vegna einkafyrirtækis hans, Kvikmyndar, kt. 681178-0319, Mjóuhlíð 6, Reykjavík, á hendur íslenska ríkinu með stefnu, sem árituð er af ríkislögmanni 13. nóvember 1996, þess efnis, að stefndi hafi falið honum að vera við þingfestingu þess máls.

Dómkröfur stefnanda eru aðallega, að stefndi verði dæmdur til greiðslu skuldar, að fjárhæð 5.424.494 kr., með dráttarvöxtum samkvæmt 9. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 af 2.676.750 kr. frá 25. janúar 1993 til 24. janúar 1994, en af 5.424.494 kr. frá þeim degi til greiðsludags.

Til vara er þess krafist, að stefndi verði dæmdur til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð 5.424.494 kr., með dráttarvöxtum samkvæmt 15. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 af 2.676.750 kr. frá 3. júní 1994 til 19. janúar 1995, en af 5.424.494 kr. frá þeim degi til greiðsludags.

Þess er krafist með vísan til 12. gr. vaxtalaga, að dráttarvextir leggist við höfuðstól á tólf mánaða fresti, hið fyrsta sinn 25. janúar 1995, hvort heldur sem aðal- eða varakrafa verður tekin til greina.

Þá krefst stefnandi þess, að stefndi verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar.

Dómkröfur stefnda eru aðallega, að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og stefnda tildæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda samkvæmt mati dómsins. Til vara krefst stefndi, að kröfur stefnanda verði stórlega lækkaðar og málskostnaður í því tilviki felldur niður.

I.

Tildrög þessa máls eru þau, að 25. janúar 1988 samdi stefnandi við menntamálaráðuneytið, annars vegar um tiltekinn rétt til sýninga á kvikmyndinni Atómstöðinni í skólum og öðrum fræðslustofnunum næstu fimm ár frá dagsetningu samningsins gegn greiðslu, að fjárhæð 3.000.000 króna, og hins vegar um rétt til sýninga á kvikmyndinni Punktur, punktur, komma, strik um sama tíma með sömu skilmálum og einnig fyrir 3.000.000 króna.

Stefnandi heldur fram, að eftir að umsömdum samningstíma lauk 24. janúar 1993, hafi menntamálaráðuneytið haldið áfram að nota kvikmyndirnar í skólum landsins, enda þótt stefnandi hafi sent ráðuneytinu símbréf 20. mars 1993 og vakið athygli á, að samningarnir væru útrunnir. Um þetta segir í

greinargerð stefnda: „Mótmælt er sem rangri þeirri málsástæðu, að menntamálaráðuneytið hafi haldið áfram að hagnýta sér myndirnar sem kennslugögn, eftir að samningstíma lauk. Er Þorsteinn Jónsson vakti athygli við-
semjanda síns á þeim grun sínum, að myndirnar væru enn í notkun, var ekki vitað til þess af hálfu menntamálaráðuneytis. Samkvæmt bréfi for-
stjóra Námsgagnastofnunar, dags. 17. janúar 1996, er upplýst, að á tímabilinu frá 25. janúar 1993 til loka marsmánaðar 1994 hafi kvikmyndin Atóm-
stöðin verið lánuð út í 16 skipti og kvikmyndin Punktur, punktur, komma,
strik í 35 skipti.“

II.

Stefnandi telur, að menntamálaráðuneytinu hafi borið við lok samnings-
tíma að skila hinum leigðu kvikmyndum eða gera aðrar ráðstafanir til að
stöðva útlán myndbanda með þessum kvikmyndum stefnanda. Þar sem
stefndi hafi haldið áfram að nýta sér myndirnar sem kennslugögn, eftir að
hinum ákveðna samningstíma var lokið, hafi leigusamningarnir endurnýjast
ótímabundið. Á þessum grundvelli, telur stefnandi, að stefnda sé skylt að
greiða sér leigu fyrir afnot kvikmyndanna. Leigufjárhæð kveðst stefnandi
miða við upphæð, sem um hafi verið samið 1988, að teknu tilliti til verðlags-
breytinga frá þeim tíma, annars vegar til ársins 1993 og hins vegar til ársins
1994, og miða við það, að kvikmyndirnar hafi verið áfram í leigu þau ár.

Verði ekki fallist á framangreindar málsástæður, kveðst stefnandi reisa
varakröfu á því, að menntamálaráðuneytið hafi brotið gegn höfundarrétti
hans með því að stunda útlán myndbanda umræddra kvikmynda, eftir að
leigusamningar voru á enda runnir. Beri sér þess vegna skaðabætur úr
hendi stefnda. Fjárhæð skaðabótakröfu kveðst stefnandi miða við tölulegar
forsendur aðalkröfu sinnar.

Stefnandi segir upphafstíma dráttarvaxta miðast við, að greiða hafi átt
leigu fyrir fram skv. samningum. Því hafi gjalddagi hennar verið 25. janúar
1993 vegna leigu fyrir tímabilið frá því í janúar 1993 þar til í janúar 1994 og
25. janúar 1994 vegna leigu á tímabilinu frá því í janúar 1994 þar til í janúar
1995. Upphafstíma dráttarvaxta skaðabótakröfunnar, sem gerð er til vara,
miðar stefnandi við mánuð frá útgáfu reikninga frá sér til stefnda.

Stefnandi kveðst reisa kröfu sína á meginreglu kröfuréttarins um skyldu
leigutaka til að skila leigumun við lok leigutíma og skyldu hans til að greiða
leigu, sé leigumun ekki skilað og afnotum haldið áfram eftir lok leigutíma.
Um lagastoð er vísað til Jónsbókar, kaupabálks, kap. 21, og farmannalaga,
kap. 28. Þá er og vísað til 59. gr. húsaleigulaga nr. 36/1994. Um leigufjárhæð
kveðst stefnandi vísa til þeirrar meginreglu kröfuréttar, að skuldari verði að
greiða það verð, sem kröfuhafi setur upp, ef það telst ekki ósanngjarnt, sbr.

5. gr. kaupalaga nr. 39/1922. Kröfu um skaðabætur kveðst stefnandi reisa á 1. mgr. 56. gr. höfundalaga nr. 73/1972.

III.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að höfundaréttur að kvikmyndunum Atómstöðinni og Punktur, punktur, komma, strik muni að minnsta kosti vera á höndum tveggja annarra manna en stefnanda, Þorsteins Jónssonar, þ. e. þeirra Þórhalls Sigurðssonar og Örnólfs Árnasonar. Ekki sé annað að merkja en höfundarétturinn sé óskiptur þeirra í milli, sbr. 7. og 8. gr. höfundalaga nr. 73/1972. Þannig komi sóknaraðild málsins ekki heim og saman við reglu 2. ml. 2. mgr. 18. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991. Dómara beri því að vísa málinu frá án kröfu.

Af hálfu stefnda er því hafnað, að umræddir samningar um kvikmyndirnar tvær hafi verið leigusamningar. Aftur á móti hafi verið um að ræða samninga um sölu að rétti til sýninga, og hvergi sé kveðið á um skiladag til stefnanda eða annarra rétthafa og hvorki um innköllun myndanna né skyldu stefnda til að stöðva útlán. Þá haldi stefndi því fram, að hvort sem um leigusamninga sé að ræða eða ekki, skorti samþykki stefnda til, að samningarnir haldi gildi sínu eftir 25. janúar 1993. Þá heldur stefndi því fram sem sérstakri málsástæðu, að engin heimild sé til greiðslu úr ríkissjóði vegna sýninga myndanna, eftir að samningar liðu undir lok 25. janúar 1993, og leiði það sjálfstætt til sýknu af dómkröfum málsins. Þótt stefnandi kynni að eiga rétt til endurgjalds vegna óheimilla útlána myndanna eða skaðabóta, er bent á af hálfu stefnda, að þeir þættir málsins séu þannig reifaðir af hálfu stefnanda, að leiði til sýknu stefnda eða til frávísunar máls.

Af hálfu stefnda er talið, að stefnandi hafi ekki sannað, að ætluð óheimil útlán myndanna tveggja hafi valdið honum fjárhagslegu tjóni, sem að sama skapi hafi aflað stefnda ávinnings, sbr. 1. og 3. mgr. 56. gr. höfundalaga nr. 73/1972. Raunar sé ekki um tjón að ræða, þar sem upphaflegt verð fyrir sýningarrétt myndanna, samtals 6.000.000 króna, hafi verið rétthöfum svo hagstætt, að réttlætt hefði rúmlega 20 ára samningstíma, væri tekið mið af öðrum samningum menntamálaráðuneytisins við kvikmyndagerðarmenn um rétt til sýninga á myndum þeirra. Þá telur stefndi, að stefnandi hafi ekki mótmælt nægilega snemma sýningu myndanna, eftir að samningstími var runninn út, en stefnandi hafi haft grun um sýningu myndanna þegar í mars 1993. Þannig hafi ætlaðar sýningar raunar ekki verið í óþökk stefnanda, sem aftur valdi því, að sýkna beri stefnda á grundvelli tómlætis stefnanda.

Af hálfu stefnda er því mótmælt, að samningarnir frá 1988, sem hér um ræðir, verði á nokkurn hátt hafðir til viðmiðunar um þær sýningar, sem stefnanda tækist að sanna, að hefðu farið fram, eftir að samningstími var

útrunninn. Enginn lagagrundvöllur sé til að greiða framreiknað verð miðað við verðbreytingar eða vísitölu. Fjárkröfum stefnanda er því mótmælt, og er af hálfu stefnda talið, færi svo, að um bótagrundvöll væri að ræða, að bætur yrðu aðeins dæmdar að álitum miðað við sanngjarnt meðalverð kvikmynda í fullri lengd vegna notkunar í u. þ. b. fjórtán mánuði, en engin útlán eða sýningar á myndunum hafi farið fram eftir lok marsmánaðar 1994.

Af hálfu stefnda er staðhæft, að hvernig sem á málið sé litið, sé það ósanngjarnt og andstætt góðri viðskiptavenju, sbr. 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggæringa, að krefja stefnda um tæpa fimm og hálfa milljón króna vegna lítils háttar afnota vegna misskilnings milli ríkisstofnana á kvikmyndum stefnanda, eftir að samningstíma lauk.

Af hálfu stefnda er dráttarvaxtakröfum stefnanda mótmælt. Engin ákvæði hafi verið um dráttarvexti í samningunum, sem gerðir voru í janúar 1988, og þess vegna enginn grundvöllur fyrir greiðslu dráttarvaxta frá 25. janúar 1993 eða síðar. Mótmælt er sérstaklega upphafstíma dráttarvaxta. Um aðalkröfu stefnanda um greiðslu leigu er upphafstíma dráttarvaxta mótmælt með vísan til 3. mgr. 9. gr. vaxtalaga nr. 25/1987. Um varakröfu stefnanda um greiðslu skaðabóta er upphafstíma dráttarvaxta mótmælt með vísan til 15. gr. vaxtalaga, en engin efni séu til að dæma dráttarvexti nema frá dómsuppsögu, þar sem ekki hafi verið lagðar fram af hálfu stefnanda raunhæfar upplýsingar um tjón, sem reisa hefði mátt ákvörðun bóta á.

IV.

Niðurstaða.

Upplýst er, að stefnandi, Þorsteinn Jónsson, keypti einn á nauðungaruppboði, sem haldið var að beiðni skiptaréttar Reykjavíkur 26. júní 1987, „kvikmyndaverkin Punktur, punktur, komma, strik og Atómstöðina með öllum þeim réttindum, er fylgja framleiðanda“, en uppboðsandlagið var, áður en sala fór fram, eign þrotabús kvikmyndafélagsins Óðins hf. Málinu verður því ekki vísað frá á grundvelli þess, að Þorsteinn hafi ekki gætt óskiptrar aðildar sinnar með fleirum að þeim hagsmunum, sem hér um ræðir, er hann stefndi málinu til dóms.

Ekki þykir skipta máli, hvort samningarnir frá 25. janúar 1988 eru kallaðir leigusamningar eða eitthvað annað. Það, sem um er að ræða, er, að stefnandi seldi menntamálaráðuneytinu rétt til sýninga á umræddum kvikmyndum „í skólum og öðrum fræðslustofnunum í eigin þágu þessara stofnana (noncommercial, institutional rights) á Íslandi í fimm ár frá dagsetningu samningsins. Seljandi afhendir menntamálaráðuneytinu tilbúið frumeintak (Master) til fjölföldunar á myndinni vegna ofangreindrar notkunar“, eins og segir samhljóða í báðum samningum.

Framangreindir samningar stefnanda við stefnda meinuðu stefnanda hvorki á samningstímabilinu né síðar að fényta sér öll réttindi framleiðanda myndanna, þannig, að greiðsla stefnda til stefnanda, 6.000.000 króna, var hrein viðbót við alla aðra möguleika á að fá greitt fyrir þessi réttindi. Slíkum samningum verður engan veginn jafnað við leigusamninga, þar sem leigutaki fær til afnota eign leigusala, þannig, að leigusalinn getur ekki leigt eignina öðrum sama tímabil. Ályktanir stefnanda af tilgreindum ákvæðum Jónsbókar og 59. gr. húsaleigulaga nr. 36/1994 eiga því ekki við í þessu máli.

Í bréfi Ásgeirs Guðmundssonar, forstjóra Námsgagnastofnunar, til menntamálaráðuneytisins, dags. 28. ágúst 1995, þar sem hann svarar fyrirspurn ráðuneytisins, með hvaða hætti Námsgagnastofnun stóð að því að innkalla kvikmyndirnar, segir m. a.:

... voru myndirnar innkallaðar af Námsgagnastofnun í byrjun mars 1994. Innköllunin fór fram símleiðis til fræðsluskrifstofa, KHÍ, kennslumiðstöðvar og menntamálaráðuneytisins. Jafnframt voru ein-tök fræðslumyndadeildar þegar í stað tekin úr umferð.

Flestir ofangreindra aðila skiluðu fljótlega og hinir síðustu í júní 1994.

Bréf þetta er lagt fram af stefnda í myndriti sem dskj. nr. 35. Verður því ekki deilt um, að haldið var áfram að nota kvikmyndir stefnanda í skólum landsins, eftir að samningstíma lauk 24. janúar 1993, án samþykkis stefnanda, svo sem stefnandi heldur fram. En eins og áður var dregið á, hefur stefnandi ekki orðið fyrir fjárfjöni af þessum völdum, enda hefur hann ekki reynt að sýna fram á það. Á hinn bóginn verður að telja, að þessi ólögmeta notkun hafi raskað rétti stefnanda og kalli á miskabætur honum til handa úr hendi stefnda, sbr. 2. mgr. 56. gr. höfundalaga nr. 73/1972, sbr. 7. gr. laga nr. 78/1984. Þykja hæfilegar bætur nema 400.000 krónum með vöxtum, eins og í dómsorði greinir.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að stefndi greiði stefnanda 50.000 krónur í málskostnað.

Páll Þorsteinsson héraðsdómari kveður upp dóminn.

D ó m s o r ð:

Stefndi, íslenska ríkið, greiði stefnanda, Þorsteini Jónssyni, 400.000 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá dómsuppsögu til greiðsludags.

Stefndi greiði stefnanda 50.000 krónur alls í málskostnað.